



1986-2011

Afmælistónleikar Bylgjunnar á Ingólfstorgi 20. ágúst 2011. Stuð stuð stuð!

MYND/JÓHANN K. JÓHANSSON

Takk fyrir að hlusta!

Bylgjan er 25 ára. Það er ótrúlega langur tími. Það er líka stuttur tími í hugum margra hlustenda.

Útvarpsstöð getur ekki lifað án hlustenda. Það má kannski segja að útvarpsstöð endurnýi sig á hverjum einasta degi, þegar kveikt er á útvarpstækinu og hlustendur mæta til leiks.

Bylgjan var fyrsta frjálsa útvarpsstöðin á Íslandi, frjáls í þeirri merkingu að stöðin var ekki í eigu hins opinbera. Stofnun hennar var bylting í fjölmiðlun og þvítík viðbrögð. Bylgjan varð á augabragði vinsælasta útvarpsstöð landsins,

með dægurtónlist, dægurefni og fréttir. Jafn sjálfsgagt mál eins og að senda líka út tónlist á nóttunni þótti svo mikil nýjung að fólk átti erfitt með að sofna snemma á kvöldin fyrst um sinn.

Rás 2 hafði að sönnu sent út popptónlist áður en Bylgjan kom til sögunnar. Plötubúðirnar á Íslandi voru líka boðberar popptónlistar í landinu, Faco, Fálkinn, Skífan, Steinar og sjálfsgagt fleiri. En með stofnun Bylgjunnar kom ákveðið frelsi í hugsun.

Skyndilega var allt hægt og popptónlist og dægurmenning var tekin háttíðlega sem dagskrá í fjölmiðlun.

Síðan bættust fleiri útvarpsstöðvar við og þannig á það að vera. Þegar hugsað er til þessara fyrstu ára í frjálsri fjölmiðlun á Íslandi er það einmitt kjarni málsins. Breytingar koma hreyfingu á þjóðfélagið og sem betur fer er útvarpsstöðin Bylgjan alltaf að breytast. Ný tónlist kemur inn, nýtt fólk!

Þess vegna störfum við ennþá af fullum krafti eftir 25 ár. Og höfum hugsað okkur að halda áfram að senda út meðan land byggist! Síðasta lagið sem við spiluðum í gær skipti okkur jafn miklu máli og fyrsta lagið sem við spiluðum fyrir 25 árum.

Það eina sem breytist lítið sem ekkert eru hlustendur. Þeirra krafta er alltaf sú sama; skemmtileg tónlist, spjall og fréttir, björt og brosandí útvarpsstöð.



Síðasta lagið sem við spiluðum í gær skipti okkur jafn miklu máli og fyrsta lagið sem við spiluðum fyrir 25 árum.



5 Siggí Hlö
Ég elska þennan þátt



Það er rosaleg vínlykt af þessu lagi, það verður alltaf allt vitlaust á dansgólum þegar þetta kemur... samið af einum af fjórum bestu lagahöfundum landsins, syngiði með.


Þráinn Steinsson tæknistjóri um Sódóma, með Sálinni

4-5 Topp tíu á Bylgjunni
Bestu lögín að eilífu



7 Reykjavík síðdegis
Bragi, Kristófer og Þorgeir

Allir eru að hlusta!



Bylgjan með yfirburði



„Við viljum vita hvað hlustendur vilja heyra og hlusta á.“



MYND/BALDUR KRISTJÁNSSON

Góðan daginn Heimir!

„Mér finnst svo heillandi hvað útvarpið er sveigjanlegur fjölmiðill. Það er mjög auðvelt að breyta dagskránni fyrirvaralaust ef sjóðheitar fréttir koma í hús eða málefni sem brennir á fólki. Svo er nálægðin við hlustandann mjög mikill kostur. Fólk hringir inn og getur sagt sína skoðun í beinni útsendingu. Mér virðist það líka vera auðveldara fyrir viðmælendur að koma fram í útvarpi. Fólk er afslappaðra og eðlilegra hjá okkur en í sjónvarpi.“

Sambandið við hlustendur, af

hverju leggið þið svona mikið upp úr því?

„Af því að það er mjög mikilvægt. Við viljum vita hvað hlustendur vilja heyra og hlusta á. Það er lykilatriði að spyrja spurninga sem hlustendur vilja fá svör við. Í hvert skipti sem við tökum stjórnálamenn í viðtal spyrjum við spurninga sem við teljum að almenningur vilji fyrst og fremst fá svör við. Þess vegna göngum við hart á eftir svörum og reynum eftir megni að láta menn ekki komast hjá því að svara.“

Óskalag allra tíma, Heimir?

Ef þú hringdir inn á Bylgjuna og bæðir um óskalag, hvaða lag væri það? Eitthvað frá „Sitt að aftan tímabilinu“ eða hlustar þú á eitthvað nýrra?

„Nei! Í stuttu máli þá er hljómsveitin Steely Dan í langmestu uppáhaldi hjá mér enda þar á ferð sennilega mestu tónlistarsnillingar samtímans. Það er lag á plötunni Aja sem heitir I Got the News. Það er alveg rosalega flott! Þar færðu allt í senn, fönk, popp, blús og diskó. Hefur sennilega aldrei heyrst í íslensku útvarpi en það er kominn tími til :)“

Hér eru nokkrar meginreglur Íslands í bítið:

Morgunpátturinn Ísland í bítið þarf helst að vera allt í senn: Fréttatengdur - Fræðandi - Léttur - Mannlegur - Auðmjúkur - Í sambandi.

- **Fréttatengdur** Það sem efst er á baugi hverju sinni, viðtöl við stjórnálamenn og aðra þá sem málefni liðandi stundar varðar.
- **Fræðandi** Gefa hlustendum innsýn í heim ýmissa vísindagreina, eins og jarðvísinda, geimvísinda og læknávisinda.
- **Léttur** Heyra í forvitnilegum og skemmtilegum einstaklingum, tónlistarmönnum, leikurum og öðrum sem hafa skemmtilega sögu að segja.
- **Mannlegur** Sinna málefnum sem snerta okkur öll með einum eða öðrum hætti en eru ekki í umræðunni á hverjum degi.
- **Auðmjúkur** Þar sem þáttastjórnendur og reglulegir gestir taka sig ekki of hátíðlega.
- **Í sambandi** Gefa hlustendum reglulega tækifæri til að hringja inn í þáttinn og láta skoðanir sínar á öllum mögulegum hlutum í ljós.

AFMÆLISKVEÐJUR

Byrjaði á næturvöktum

Pálmi Guðmundsson, framkvæmdastjóri dagskrársviðs 365

„Ég leyfi mér að fullyrða að það eru fáir vinnustaðir eins skemmtilegir og Bylgjan. Innan veggja hennar ríkir gleði, jafningastemning og samstaða.“

Á Bylgjunni er leitast við að snerta þjóðarsálina daglega og finna allt þetta skemmtilega og áhugaverða í dagsins önn. Ekki veitir af!

Sjálfur hef ég verið hlustandi og unnandi Bylgjunnar í 25 ár þrátt fyrir að vera aðeins rúnum áratug eldri en hún.

Ég hef oft gert grín að því þegar ég hóf mín fyrstu spor fyrir Bylgjuna á næturvöktum. Ég var rétt kominn úr mútum og iðulega búið að hringja fyrst í alla aðra útvarpsmenn, áður en leitað var til mín.

En mér tókst að brjóta mér leið og láta draum minn rætast; að verða dagskrárgerðarmaður á Bylgjunni, og fyrir það tækifæri



og þá reynslu verð ég alltaf þakklátur.

Bylgjan væri ekki svipur hjá sjón ef tónlistarfólk gæfi ekki heimild fyrir því að spila tónlist og tónverk þeirra.

Íslensk tónlist er í stóru hlutverki á Bylgjunni og við erum listafólki mjög þakklát fyrir ómetanlegt framlag þess við að skemmta hlustendum Bylgjunnar.

Afmælisbarnið Bylgjan mun fylgja þjóðinni um ókomna tíð og við gleðjumst á aldarfjórðungs afmæli. Til hamingju Bylgjan.“

NOKKUR ORÐ UM BYLGJUNA „Þegar ég var 19 ára setti ég mér það markmið að einhvern tímann væri það ég sem myndi bjóða Íslendingum góðan daginn. En þá var ég að vinna á nóttunni í Bakaríi KHB á Egilsstöðum og þoldi ekki að heyra Þorgeir Ástvaldsson bjóða mér góðan dag, eftir að hafa verið á vaktinni í fimm tíma. En allt sem hann færði mér eftir að hafa boðið mér góðan daginn var til þess að gera vinnuna skemmtilegri.“

Á þessum tíma var Kristófer Helgason með Lukkustigann á kvöldin og Ívar Guðmundsson kynnti Íslenska listann. (Bylgjan spilar hann, DV birtir hann og Coke gefur tóninn!)

Ekki grunaði mig að ég myndi ná markmiði mínu og það árið 2007. En við Jói tókum við Laugardagsmorgnum af Gulla Helga, sem var mikill heiður. Enda er Gulla Helga einn af vinsælustu útvarpsmönnum landsins.

Útvarpið er skemmtilegasti miðillinn að vinna í, því útvarp er landamæralaus fjölmiðill. Það er hægt að skapa allt í útvarpi og það er hægt að skapa það á staðnum. Útvarp er lifandi, skapandi og umfram allt snöggur miðill.

Bylgjan er án nokkurs vafa útvarpsstöð Íslendinga, enda væri hún ekkert ef hlustendur væru ekki að hlusta. Bylgjan er háð hlustendum sínum og þeirra mati. Á endanum ráða hlustendur alltaf ferðinni á Bylgjunni.

Ég er stoltur yfir því að eiga dálítinn þátt í 25 ára sögu Bylgjunnar. Til hamingju Bylgjan og takk fyrir mig!“

Simmi V.

● SPENNINGUR, STEMNING!

„Ég man nákvæmlega hvar ég var staddur helgina sem Bylgjan fór í loftið í lok ágúst 1986. Ég var í sumarhúsi í Munaðarnesi með foreldrum mínum, sjö ára gamall. Ég man vel hvað var mikill spenningur og stemning í kringum hana þegar hún fór í loftið. Það voru allir að hlusta – og eru víst enn.“

Jóhannes Ásbjörnsson



ÓSKALAGIÐ

● **„WHEN YOUR HEART IS WEAK!“** „Ef ég ætti að velja Bylgjulag allra tíma þá er það klárlega „When Your Heart Is Weak“ með Cock Robin,“ segir

Valdís Gunnarsdóttir útvarpskona. „Það lag er eiginlega litrófið þegar ég lít til baka yfir 25 ára sögu Bylgjunnar.“

Þorsteinn Ásgeirsson, Doddi tæknitröll, klippti hrikalega vel heppnað stef fyrir mig á sínum tíma af 12 tommu útgáfu þessa lags og þetta er fyrsta lagið sem kom upp í hugann.

Svo skemmtilega vildi líka til að árið 1991 minnir mig var mér boðið á heimili Peters Kingsbury „aðal“ í gegnum sameiginlegan vin á Hermosa Beach í Los Angeles. Nema hvað, hann settist niður við svartan flygil og spilaði og söng þetta lag bara fyrir mig; hvítar gólfsíðar garðinur blöktu í golunni og stundin varð ógleymanleg.

Ég fór með upptöku til hans sem Doddi gerði og hann varð yfir sig hrifinn... Afmæliskveðjur til Bylgjunnar!“

Þarna byrjaði Bylgjan

„Þessi sögufræga ljósmynd er tekin rétt fyrir fyrstu útsendinguna,” segir Pétur Steinn Guðmundsson. Hann var í fyrsta starfsliði Bylgjunnar og fékk það hlutverk að kenna þáverandi borgarstjóra Reykjavíkur, Davíð Oddssyni, á útsendingarborðið.

„Útsendingin átti að byrja klukkan sjö að morgni 28. ágúst. Menn voru mættir mjög snemma til vinnu þennan dag, man ég. Það þótti viðeigandi að fá vinsælasta stjórnáamann landsins á þeim tíma, borgarstjórnann í Reykjavík, til að opna útvarpsstöðina með ávarpi.“

Á þessari mynd ert þú að kenna honum á takkana?

„Já, það kom í ljós þegar Davíð kom að hann var alveg óvanur því að stjórna tökkunum á útsendingarborðinu sjálfur. Það var allt öðruvísi þegar hann var með sína útvarpsþætti hjá Ríkisútvarpinu í gamla daga. Þá sáu tæknimenn um öll slík mál. Það að menn stýrðu sínum þáttum sjálfir, sæju um öll tæknimál líka, var ein af þeim nýjungum sem komu með Bylgjunni. Þess vegna var ég fenginn til að sýna honum hvernig hann setti sledann sem stjórnaði hljóðnemanum upp, þegar ávarpið átti að hefjast. Svo átti hann að ýta á annan takka þegar hann var búinn og setja þannig í gang stef eða lag. Þetta fór allt saman mjög vel fram og ég man að ég stóð fyrir aftan hann meðan hann



Klukkan er 06.59 og Pétur Steinn kennir borgarstjórnann á útsendingarborðið.

flutti ávarpið, svona til öryggis.“
Manstu hvað hann sagði í ávarpinu?

„Nei, því miður, ég man ekkert af því! Þetta var að minnsta kosti mjög söguleg stund, stór stund í mínum huga. Það sést líka vel á myndinni hversu spennuþrungin loftið var. Þarna var endanlega verið að rjúfa einokun Ríkisútvarpsins á útvarpsrekstri í landinu. Þess vegna er þessi mynd líka merkileg því þáverandi formaður útvarpsréttarnefndar er þarna í dyrunum, ef vel er að gáð, Kjartan

Gunnarsson. Við hliðina á honum er Hjörtur Hjartarson, stjórnarmaður í Íslenska útvarpsfélaginu sem rak Bylgjuna. Svo eru þeir í sparifötum og með bindi Einar Sigurðsson útvarpsstjóri og Jón Ólafsson, stjórnarformaður Íslenska útvarpsfélagsins.

Það vekur líka athygli á þessari mynd að þú og Davíð Oddsson eruð með nákvæmlega sömu hárgreiðslu!

„Það er gaman að nefna það, já. Ég hef oft verið kallaður Davíð í gegnum tíðina, þegar menn horfa

aftan á mig úr fjarlægð og fara hreinlega mannavillt.“

Svo ertu ekki í jakkafötum eins og flestir hinna, heldur í snjóhvítum langerma bómullarbol með Bylgjumerkinu.

„Já, við starfsmennirnir á planinu vorum allir í merktum bolum þennan dag. Það var gert með ráðnum hug, því að það kom fullt af ljósmyndurum að taka myndir þennan dag svo þetta var fin auglýsing fyrir stöðina.“

Þetta var auðvitað ákveðið upphaf fyrir þig líka þarna í stúdíó A

við Snorrabraut 54. Þú varst auðvitað margvísindur plötusnúður og hafðir starfað við þáttagerð fyrir Ríkisútvarpið, en þarna var draumur að verða að veruleika?

„Já, ég fékk snemma þessa útvarpsbakteríu ef svo má segja og það er erfitt að losna við hana úr blóðinu. Ég byrjaði sem plötusnúður í Glæsibæ 1. desember 1979 og svo þróaðist þetta áfram yfir í útvarpið. Ég er sjálfur hættur að vinna við útvarp, fór úr því að vera lagafræðingur og er lögfræðingur í dag!

Allt fyrir hlustendur

Kæri Bylgjuhlustandi!

Það er óhætt að fullyrða að með stofnun Bylgjunnar, fyrstu frjálsu, einkareknu og óháðu útvarpsstöðvarinnar á Íslandi, hafi átt sér stað viss bylting – bylting dægurmenningar, bylting afþreyingar og ekki síst bylting frjálsrar umræðu. Upp frá því breyttist íslenskt fjölmiðla-

landslag til fram-
búðar og til hins
betra. Þá fyrst tók
að hljóma í útvarpi
tónlistin sem fólkið í
landinu vildi heyra –
og það allan daginn,
allan sólarhringinn,
allt árið um kring ef
það kærði sig um.

Þá fyrst gerðist það
líka að fólkið í land-
inu öðlaðist rödd og
gafst tækifæri til að

lata ljós sitt skína milliliðalaust og án ritskoðunar. Og einnig má færa fyrir því sterk rök að þá fyrst hafi hafði upp raust sína útvarpsfólk sem talaði beint til almennings, um málefni sem vörðuðu almenning og það á mannamáli. Og svo er enn í dag, 25 árum síðar. Enn er það að-
alsmerki Bylgjunnar að vera fyrst og síðast í þjónustu hlustenda. Út-
varpsstöð á besta aldri sem ætíð hefur kappkostað að spila þá tónlist
sem hlustendur hennar vilja helst heyra, í bland við vandað skemmti-
efni, fréttir og þjóðmálaumræðu sem borin er á borð á mannamáli.
Sigurganga Bylgjunnar hefur verið óslitin frá stofnun hennar. Og
seigla hennar, styrkur og stöðugleiki hefur í raun verið ævintýri lík-
astur miðað við alla þær sviptingar og samkeppni sem hún hefur glímt
við í gegnum tíðina. Bæði frá öðrum einkastöðvum, sem komið hafa
og farið, sem og hinum ríkisreknu skattgreiddu útvarpsstöðvum, sem
gera út á auglýsingamarkaðinn á óheilbrigðum forsendum. Lykillinn
nú sem ávallt er að bjóða uppá þá þjónustu, þá útvarpsdagskrá, sem ís-
lenskir hlustendur hafa sjálfir mótað og valið að hlusta á. Það er og
hefur alltaf verið Bylgjan.

Ég vil nota þetta tækifæri – þessi einstöku tímamót í sögu ein-
stakrar útvarpsstöðvar – og óska starfsmönnum hennar og ekki síst
okkar dyggu hlustendum til hamingju með afmælið. Hún lengi lifi!

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla



Ari Edwald, forstjóri 365 miðla.

MYND:BIG

Afmælistónleikar Bylgjunnar

Frá afmælistónleikum
Bylgjunnar á Ingólfstorgi 20.
ágúst 2011. Þar komu fram
allir helstu tónlistarmenn
þjóðarinnar og samfelldu stuð
allan daginn, líkt og á FM 989 í
25 ár.



MYNDIR:JÓHANN K. JÓHANSSON



Ást Ragnheiður Gröndal

„Þetta var sungið í brúðkaupinu mínu – þarf að segja meira?“

Þráinn Steinsson tæknistjóri

„Ég get alveg viðurkennt að mér finnst Ragnheiður fáránlega heillandi söngkona og hún hefur eitthvað sem ég vil kalla X faktor. Í þessu magnaða lagi frá Magnúsi Þór kristallast ást tveggja einstaklinga ótrúlega vel. Ragga flytur þetta af svo mikilli tilfinningu að hörðustu naglar leggja við hlustir.“

Ívar Guðmundsson dagskrárstjóri

„Sennilega vinsælasta lag stöðvarinnar á aldamóta-áratugnum. Fólk fær ekki nóg, ekki enn þann dag í dag. Flutningur Ragnheiðar á laginu er óaðfinnanlegur og smíðin hjá Magnúsi Þór Sigmundssyni líka. Eitt af þessum lögum sem verður sígilt um leið og það kemur út.“

Rúnar Róbertsson tónlistarstjóri



Love Is All Around Wet Wet Wet

„Þetta lag var svakalega mikið spilað hjá okkur og það er líka svo skemmtilegt að lagið eldist mjög vel. Ég hef séð myndina Fjögur brúðkaup og jarðarför svona 20 sinnum og hún er bara eins og lagið, eldist mjög vel. Veit til þess að þetta lag hefur verið notað til að rífa upp gleði og sjálfstraust hjá fólki.“

Ívar Guðmundsson dagskrárstjóri

„Þetta er úr myndinni Fjögur brúðkaup og jarðarför og ásamt myndinni var þetta lag það vinsælasta á Bylgjunni árið 1994. Og það er enn vinsælt, er með 8.448.156 spilunar bara á Youtube og það segir sína sögu!“

Rúnar Róbertsson tónlistarstjóri

„Mér fannst myndin betri en kerlingarnar elska þetta og þegar þær fíla eitthvað þá er það bara þannig...“

Þráinn Steinsson tæknitröll



(Everything I Do) I Do It for You Bryan Adams

„Þegar Bryan Adams sprengdi öryggið í Laugardalshöllinni var þetta vinsælasta lag heimsins. Lagið hljómaði ótt og títt á Bylgjunni og er sennilega vinsælasta lag tíunda áratugarins.“

Rúnar Róbertsson tónlistarstjóri

„Þetta var vinsælasta lag ársins 1991 og þetta lag minnir mig alltaf á annað kvöldið í Laugardalshöllinni í desember það sama ár. Þá var ekki var neitt rafmagn á Höllinni á fyrirhuguðum tónleikum Bryans og þurfti að fresta tónleikunum. Síðara kvöldið var svo straumur á öllum og það var eitt besta sánd sem ég hef heyrt í höllinni.“

Ívar Guðmundsson dagskrárstjóri

„Ég frétti að það hefði verið rosaleg svitalykt af Bryan Adams þegar hann var hér – sama með þetta lag, skil að konur fíla þetta en þetta er ekki minn tebolli.“



Þráinn Steinsson magnaravörður



A Kind of Magic Queen

„Þessi hljómsveit var hreint ótrúleg og hún virtist alltaf geta komið með lög sem hafa orðið alveg tímalaus. Bylgjan hefur spilað þetta lag mikið í gegnum tíðina en ég man alltaf eftir myndbandinu við lagið en þar lék Freddie Mercury töframann.“

Ívar Guðmundsson dagskrárstjóri

„Þetta lag kom út á sama tíma og Bylgjan fór í loftið 1986. Það hefur verið samferða Bylgjunni síðan og er enn í spilun. Klassík, það er mín skoðun. Enda þeir allra bestu hér á ferð og mínir menn í Queen.“

Rúnar Róbertsson tónlistarstjóri

„Þetta er tímalaus snilld. Queen er eitt af þeim fáu böndum sem þola mikla spilun árum saman, en enn eitt bíómyndalagið á þessum lista? Hvað er í gangi? Ég fílaði Highlander.“



Þráinn Steinsson tæknidrengur



Sódóma Sálin hans Jóns míns



„Þetta er lagið sem kemur mér alltaf í stuð! Svo einfalt er það. Fyrir utan að vera Sálaráðgjafi þá er þetta gítarriff hjá Gumma svo mikil gargandi snilld að maður þarf ekki nema tvær sekúndur til að vita hvaða lag er þar á ferðinni.“

Ívar Guðmundsson dagskrárstjóri

„Ég varð að velja eitt Sálarlag. Lögin þeirra hafa verið fantavinsæl á Bylgjunni í gegnum árin og ekkert lát á. Í raun erfitt að velja eitt lag frá þeim, þau hafa svo mörg slegið í gegn hjá okkur. En sódóma er topp 10, það er á hreinu!“


Rúnar Róbertsson tónlistarstjóri

„Það er rosaleg vínlykt af þessu lagi, það verður alltaf allt vitlaust á dansgólum þegar þetta kemur – samið af einum af fjórum bestu lagahöfundum landsins, syngiði með!“

Þráinn Steinsson tæknistjóri

Bylgjan, topp 10 að eilífu!

Það er erfitt að finna út hver eru vinsælustu lög Bylgjunnar í 25 ár. Tónlistarskrár gefa ákveðna vísbendingu, almennar vinsældir líka, en best er að treysta tilfinningu þess fólks sem vinnur við Bylgjuna. Þessi listi er settur saman af þekkingu og þéttri tilfinningu. Tíu vinsælustu lögin á Bylgjunni í aldarfjórðung og fagmennirnir fylgja þeim úr hlaði með sinni umsögn.



Serbinn Bubbi Morthens



„Flott lag af æðislegri plötu, sá sem skilur textann má alveg útskýra hann fyrir mér, Bubbi skilur hann ekki sjálfur held ég...“

Þráinn Steinsson ofurtækniamaður

„Það má segja það sama um Bubba og Sálin. Hann á svo mikið af flottum lögum sem hafa orðið vinsæl á Bylgjunni í gegnum árin. Lagið Serbinn hefur verið spilað meira eða minna stanslaust frá því að platan Frelsi til sölu kom út. Og mjög líklegt að ég spili einmitt þetta lag strax á morgun aftur.“

Rúnar Róbertsson tónlistarstjóri

„Ég var seinni en margir aðrir að grípa Bubbatónlistina og kannski vegna þess að ég var að spila diskó á þeim tíma sem hann sendi frá sér Ísbjarnarblús. Frelsi til sölu er þó sú plata sem ég hélt strax mikið upp á og líka þetta lag. Textinn er skemmtilega víraður og það hefði verið gaman að vita við hvaða aðstæður Bubbi samdi hann.“

Ívar Guðmundsson dagskrárstjóri



Smooth Santana & Rob Thomas


„Flottur slagari, einstaklega útvarpsvænt lag, eins og við segjum stundum, Santana kann nokkur grip.“
Þráinn Steinsson mubla

„Þetta var endurkoma Santana inn í vinsældapoppíð og man ég að það hljómaði alveg fáránlega vel á Bylgjunni. Ef þetta hefði verið á tímum vínplötunnar þá hefði það verið gegnspilað og Bylgjan þurft að eiga tvö aukaeintök af plötunni.“

Ívar Guðmundsson dagskrárstjóri

„Sennilega mest leikna lagið á stöðinni árið 1999 og raðaði til sín Grammy-verðlaunum.“

Rúnar Róbertsson tónlistarstjóri



My Heart Will Go On Celine Dion

„Ég setti saman Íslenska listann á þeim tíma þegar þetta var vinsælt. Mikið var ég farinn að óska þess að Celine Dion hefði farið niður með Titanic þegar þetta var búíð að vera á toppnum í níu vikur.“

Þráinn Steinsson tónlistaráhugamaður

„Titanic, þarf að segja meira? Vinsælasta lag heims á sínum tíma! Kate og Caprio í stafni á skipinu og sjóðheit ást.“

Rúnar Róbertsson tónlistarstjóri

„Þegar þetta lag kom út var alveg ljóst að það yrði eitt af þeim vinsælli á árinu 1998. Ég man að ég hafði farið á tónleika með Celine Dion í London haustið áður og þá sá ég hversu frábærlega góð söngkona hún var. Að auki var lagið í vinsælustu mynd þessa árs og var tilnefnt til Óskarsverðlauna. Ég fékk samt nett nóg af þessu lagi eins og flestir aðrir“

Ívar Guðmundsson dagskrárstjóri



Popplag í G-dúr Stuðmenn

„Þetta lag er náttúrulega alveg rakinn smellur og Valgeir hefur örugglega vitað það um leið og hann samdi lagið. Allir Íslendingar hafa á einhverjum tímamarki sönglaði þetta.“

Ívar Guðmundsson dagskrárstjóri

„Lagið sem hljómsveit allra landsmanna vildi ekki. En þjóðin beit á agnið hjá Valgeiri og sennilega mest spilaða lag Stuðmanna frá upphafi.“

Rúnar Róbertsson tónlistarstjóri

„Ég man að ég var að vinna við hitt sem ég hef starfað við þegar ég heyrði þetta lag fyrst. Þetta var óþægilega grípandi og flott lag, brauðmola hendi í hausinn á öndum – snilld.“

Þráinn Steinsson gítareigandi



Cose della vita Eros Ramazzotti

„Ítalski sjarmörinn Eros Ramazzotti átti árið 1993 á Bylgjunni með þetta lag. Hann er þessum lista sem fulltrúi ákveðins tíma á Bylgjunni. Það má segja að tónlistin á Bylgjunni hafi breyst nokkuð í gegnum tíðina, þrást er gott orð! Samt eru einkennin alltaf þau sömu, klassatónlist.“

Rúnar Róbertsson tónlistarstjóri

„Ég man vel eftir þessu. Ég er hræddur um að þetta ætti ekki séns í dag, en á sínum tíma var ekki þurr sæti í húsinu þegar þetta heyrðist.“

Þráinn Steinsson spagettíkarl

„Það varð eitthvað æði fyrir Eros Ramazzotti hér á landi og þegar ég skoða þessi 25 ár þá hafa Bylgjan átt mikinn þátt í því að spila lög frá hinum ýmsu löndum og þannig hafa lög frá Ítalíu, Spáni, Frakklandi, Hollandi og öllum Norðurlöndunum oft orðið mjög vinsæl hér heima.“

Ívar Guðmundsson dagskrárstjóri

ÞESSI LÖG VORU NEFND LÍKA:

Björgvin Halldórsson - Ég lifi í draumi
Eiríkur Hauksson - Gaggó Vest
Eyjólfur Kristjánsson og Björn Jörundur - Álfheiður Björk
Whitney Houston - I Will Always Love You
Land og synir - Vöðvastæltur
Savage Garden - Truly, Madly, Deeply
U2 - Can't Help Falling in Love
Skítamóráll - Farin
Spin Doctors - Two Princes
Boris Gardiner - I Want to Wake Up with You
Ronan Keating - When You Say Nothing at All
og svona þúsund lög í viðbót sem við munum ekki eftir í svipinn.



„Ég hef hugmyndir um að gera bækur og bímyndir en mest langar mig til að gera sjónvarpsþáttaseríu um þetta tímabil á Íslandi.“

MYND/BALDUR KRISTJÁNSSON

„Ég elska þennan þátt, hlustendur og tíðarandann“

Ef það er til eitthvað sem heitir stuðþáttur í íslensku útvarpi, þá er það þátturinn Veistu hver ég var? á Bylgjunni. Danslögin hét meintur stuðþáttur, sem var lengi vel í Ríkisútvarpinu á laugardagskvöldum, og er bara eins og barnaskemmtun í samanburði. Í þessum þætti er ekki hitað upp fyrir helgina, eins og það er kallað. Þegar Veistu hver ég var? byrjar, þá byrjar helgin.

„Upphafið að þessu er að þeir Ágúst Héðinsson, þáverandi yfirmaður útvarps sviðs, og Bjarni Arason dagskrárstjóri kölluðu mig á fund. Þeir vildu gera helgarnar á Bylgjunni líflegri og markvissari. Þeir voru með ákveðna hugmynd um skemmtilegan nostalgíuþátt og lögðu grunninn að þættinum. Ég velti þessu fyrir mér og kom svo fram með mínar hugmyndir í púkkið. Við ákváðum svo að prófa þennan þátt fram á haustið en ég er búinn að vera þarna í fjögur ár! Mér skilst að þátturinn hafi aldrei verið eins vinsæll og einmitt núna.“

Það er ekki eins og málið sé að velja bara þrjátíu diska og fara inn í stúdíó og spila þá. Skiptir ekki miklu máli hvaða lög eru valin og ekki síður, hvernig þeim er blandað saman?

„Það er hárrétt. Ég legg mjög mikla vinnu í þættina og má segja að eiginkona mín sé ritstjóri þáttarins. Við eyðum einu kvöldi á viku í að fara í gegnum tónlist, bæði einkasafnið mitt og það sem er til á netinu. Við erum bæði á fullu að skiptast á að rifja upp lög

“Geggjaður þáttur hjá þér ALLTAF – gaman væri að heyra gott Slade-lag eins og t.d. Run run away ...”

Guðný Hansen

“Siggi minn, takk fyrir frábæran þátt, eins og þér einum er lagið. Góða helgi :O)”

Kolbrún María Hannesdóttir

og tengja þau við tímabil. Ég skrifa átta síðna handrit, klippi saman nokkra dagskrárliði og er með allt tilbúið þegar ég mæti. Það held ég að sé grunnurinn að öllu saman; vera vel undirbúinn og þæla svolítið í því sem ég er að gera. Vanda sig eins og amma segir.“

Hlustunin á þættina er mikil sýna kannanirnar, en vinsældirnir og viðbrögð hlustenda?

„Viðbrögðin hafa verið ótrúleg frá upphafi. Það kom mér skemmtilega á óvart. Ég er sérstaklega ánægður með hvað hlustendur taka mikinn þátt í að gera þetta með mér. Símtölin hafa verið meiriháttar, skrif á Fésbókarsíðu þáttarins gríðarleg og fólk er með á nótnum. Ég segi alltaf að ég sé framlenging af hinum almenna Íslendingi á meðan ég er í útsendingu, einn af hópnum. Tek mig alls ekki alvarlega og reyni að fylgja straumnum.“

Ég er mest hissa á hvað aldursbil hlustenda hefur breikkað frá

því þátturinn byrjaði. Í upphafi var þetta mest fólk á mínum aldri að hlusta. En ég tek eftir að unglingar eru mjög spenntir fyrir þættinum og alveg upp í eldra fólk á aldur við ömmu og afa.“

Það er búíð að gefa út geisladisk með „Best of“ úr þáttunum, það hlýtur að vera bók næst eða bíómynd?

„Ég sé enga ástæðu til að stoppa bara við diskana. Ég hef hugmyndir um að gera bækur og bímyndir en mest langar mig til að gera sjónvarpsþáttaseríu um þetta tímabil á Íslandi. Held að það gæti verið skemmtileg upprifjun.“

Fyrsti diskurinn sem ég gerði er að renna í gullplötu – hver átti von á því!“

Kjarni málsins er kannski sá að þú hefur greinilega mjög, mjög gaman af þessu starfi?

„Ég elska þennan þátt, hlustendur og tíðarandann. Ég legg mikinn metnað í að allir geti skemmt sér með þessum þætti og að hann komi fólk í jákvæðan farveg.“

Eftir hvern þátt er varla þurr þráður á mér, eins og ég hafi verið í þrektíma, ég er einn í hljóðverinu, svara símtölum, klippi þau til, svara fólk á Facebook og stundum endurraða ég lögum því ég þarf oft að koma óskalögum að. Þetta er frábært!“

Óg óskalag allra tíma svona að síðustu, ef þú hringdir inn í þáttinn og bæðir um lag, hvaða lag væri það?

„Það er örugglega ELO, bara eitthvað. Ef ég væri í heitum potti í sumarbústað væri það Sweet Is the Night en ef ég væri heima í kósýheitum þá væri það The Lights Go Down.“

AFMÆLISKVEÐJA FRÁ HREYFINGU

● **BYLGJAN & GÓÐ HREYFING** „Við hjá Hreyfingu höfum átt gott samstarf við Bylgjuna um árabíl. Hún er sá fjölmiðill sem við höfum notað til að ná til viðskiptavina okkar með góðum árangri. Bylgjan er góður auglýsingamiðill og starfsfólk hennar hefur alltaf verið einstaklega lipurt, snör og góð þjónusta, einfalt og þægilegt eins og við viljum hafa það. Það eru líka orð að sönnu „að allir séu að hlusta“. Bylgjan hefur verið á toppnum lengi og spilar frábæra tónlist í dagsins önn. Hamingjuóskir með afmælið og haldið áfram á sömu braut.“

Ágústa Johnson, framkvæmdastjóri Hreyfingar

Ég myndi biðja um lag með Sálinni

„Ég byrjaði að vinna á Bylgjunni í mars árið 1995 eftir að hafa unnið á FM957 í fimm ár. Bylgjan var þá og er vinsælasta útvarpsstöðin og það var alltaf markmiðið hjá mér að komast í vinnu hér.“

Hvernig stóð á því að þú valdir þér þetta starf?

„Þetta var nú draumur hjá mér allt frá því að ég var 12 eða 13 ára. Þá var ég byrjaður að hlusta mikið á tónlist og svo fór ég að hlusta á Kanaútvarpið. Þar var American Top 40 með Casey Kasem í hverri viku og útvarpsmenn eins og Charlie Tuna. Þá kviknaði þessi áhugi á útvarpi. Ég var líka duglegur að kaupa plötur með öllum vinsælustu lögnum og æfa mig að þykjast kynna þau í stofunni heima. Þegar Bylgjan fór í loftið 1986 opnaðist alveg nýr gluggi fyrir svona áhugafólk eins og mig því þarna var komin fyrsta frjálsa útvarpsstöðin.“

Hvernig myndir þú lýsa dagskrárstefnu Bylgjunnar, hvað er það sem þú sem dagskrárstjóri leggur mesta áherslu á?

„Við erum tónlistarútvarp en með þuttann á púlsum í dægurmálum og fréttum. Við leggjum mjög mikið upp úr því að hafa hjá okkur besta starfsfólkið sem hefur bæði reynslu og passar inn í Bylgjuliðið. Styrkur okkar er liðsheilðin og stöðugleiki í dagskrárgerð og tónlistarvali.“



„Ég spila dags daglega allt frá Elvis að Beyoncé og allt frá Brimkló að Jóhönnu Guðrúnu.“

Bylgjan er sú útvarpsstöð sem hefur gert flest íslensk lög vinsæl. Við munum halda því áfram. Við spilum fyrst og fremst tónlist sem þorri landsmanna finnst skemmtilegt að heyra. Svo reynum við að hafa nýju tónlistina 35% af því sem við spilum. Þar í bland eru svo topplög síðustu áratuga sem allir þekkja. Það er okkur mikilvægt

að vera á tánum þegar kemur að nýrri tónlist svo að okkar hlustendur séu meðvitaðir um það sem er að gerast í dægurtónlistinni um heim allan.

Það má segja að ég sé að spila dags daglega allt frá Elvis að Beyoncé og allt frá Brimkló að Jóhönnu Guðrúnu.“

Það er frábær árangur hjá

Bylgjunni og starfsfólki hennar að hafa haldið úti samfelldri tónlistardagskrá í aldarfjórðung, hverju finnst þér Bylgjan bæta við Ísland í dag?

„Bylgjan er algjörlega órjúfanlegur hluti af tilveru margra þar sem hún fylgir landsmönnum í leik og starfi alla daga ársins og allan sólarhringinn. Það eru í

„Það er frábær árangur hjá Bylgjunni og starfsfólki hennar að hafa haldið úti samfelldri tónlistardagskrá í aldarfjórðung.“

raun fjórar kynslóðir sem hlusta á okkur. Þetta er fólk á aldrinum 50 til 60 ára í dag, sem byrjaði að hlusta á Bylgjuna þegar hún fór fyrst í loftið. Svo er það hópurinn á milli 40 til 50 ára sem beið með öndina í hálsinum eftir fyrstu frjálsu útvarpsstöðinni. Því næst er það fólk á aldrinum 30 til 40 ára sem ólst upp við að Bylgjan er alltaf til staðar, hvað sem á dynur. Að síðustu eru það hlustendur frá 20 til 30 ára sem ólust upp við að mamma og pabbi hlustuðu á Bylgjuna og eru í dag orðnir Bylgjuhlustendur sjálfir.“

Ög svo að lokum, óskalagið, þetta er skylduspurning fyrir dagskrárstjóra Bylgjunnar. Þú tekur upp símann, hringir inn á Bylgjuna og biður um óskalagið, hvaða lag herra minn?

„Ég get nú alveg viðurkennt að þetta er nokkuð snúin spurning því ég á mjög mörg uppáhaldslög. En ef ég vil komast í gott skap þá myndi ég klárlega biðja um Sódóma með Sálinni :)“

AFMÆLISKVEÐJUR



● KLÁRUÐ BATTERÍ OG BYLGJULESTIN

„Ég er það gömul að ég var á lífi þegar Bylgjan fæddist. Sumarið 1985 fór ég einmitt hringinn í kringum landið með foreldrum mínum og sat í skottinu á Volvo Station bílnum í tvær vikur. Suðið í rúðupurrkenni var það næsta sem komst útvarpi þegar batteríin í vasadiskóinu kláruðust á fyrsta degi. Þá var engin Bylgjulest. En það breyttist nú allt í ágúst á því góða ári. Og það sem ég öfundaði börnin sem áttu foreldra sem límdu Bylgju-lím-miða í bakrúður bíla sinna. Hæ Bylgjan! Og til hamingju með afmælið.“

Lára Björg Björnsdóttir bloggari

● PARTÝVAKTINI!

„Ég er sjálf aðeins einu ári eldri en Bylgjan! Þegar ég hugsa um Bylgjuna þá er það fyrsta sem mér dettur í hug Ásgeir Páll og Partývaktin. Þessi sjúklega hressi náungi sem kom manni alltaf í góðan fíling. Þó svo að maður væri ekki á leiðinni út að skemmta sér var bara alltaf svo gaman að hlusta á hann. Það sem ég hef alltaf gengið að vísu hjá Bylgjunni er þessi skemmtilegu 80's og 90's lög, hljómsveitir eins og The B52's og Prefab Sprout. Hljómsveitirnar sem eru það hallærislegar að þær eru töff og svo auðvitað allar hinar líka. Til hamingju Bylgjan, með árin 25 – hún lengi lífi húrra, húrra, húrra!“

Lísa Einarsdóttir, Keflavík

ÓSKALAG

● „MY OWN WAY“ óskalagið sem Rúnar Róbertsson bað um.

„Bylgjan spilar tónlist fyrir fullorðin fólk á öllum aldri,“ segir Rúnar Rúnarsson, tónlistarstjóri Bylgjunnar. „Ég tók við starfinu í desember 2009. Mér finnst það skemmtilegasta við þetta starf að grúska í tónlistinni, sjá hvað virkar og hvað ekki. Við spilum tónlist fyrir fólk á aldrinum 25-54 ára og tónlistin endurspeglar þann markhóp.“

– Ef þú, sjálfur tónlistarstjórinn, hringdir inn á Bylgjuna, hvaða lag myndir þú biðja um?

„Það er frábær spurning! Ég held að ég hafi einu sinni á ævinni hringt inn óskalagið á útvarpsstöð. Það var á níunda áratugnum og Snorri Sturluson var á þeim tíma dags í loftinu sem ég er núna á á Bylgjunni, frá 13.00-16.00. Ég bað hann um lagið „My Own Way“ (smáskífútgáfa) með Duran Duran. Sú útgáfa var nefnilega ekki til hvar sem er í þá daga. En í dag myndi ég sennilega biðja um „Bad“ með U2. Það finnst mér það allra besta frá írsku rokkurunum.“

Allra heilla Bylgja!

Allra heilla Bylgja! Stofnun Bylgjunnar markaði langþráð vatnaskil í íslenski fjölmiðlaflóru. Boðaði nýja og betri tíma, frelsi og fjölbreytni.

Bylgjan og systurrásir hennar í 365 fjölskyldunni hafa verið íslenski tónlist dýrmætar stoðir, og skapendum íslenskra hljómpatna traust vígi og tekjulind í senn.

Samstarf okkar í stjórnnum STEF, FTT og Samtóns við starfsmenn og stjórnendur Bylgjunnar og tengdra miðla hefur allt verið á einn veg: Til stakrar fyrirmyndar. Gagnkvæm velvild og vinsemd hefur einkennt þann aldarfjórðung sem að baki er. Megi svo áfram verða.

Það er ekkert leyndarmál að 365 er stærsti einstaki gjaldandi STEF-gjalda, þ.e. höfundargjalda á Íslandi og hefur verið um alllangt skeið. Sú staðreynd skýrist af því að fyrirtækið skartar vel á annan tug hljóð- og sjónvarpsrásra og þar eru Bylgjan og Stöð 2 útbreiddustu rásirnar og báðar fullveðja; Bylgjan 25 ára, Stöð 2 nokkrum mánuðum yngri.

Sá sem þetta ritar hefur ekki einungis látið sig STEF-gjöld fyrirtækisins varða heldur ekki síður STEF-gerð en öll kynningarstef bæði Bylgjunnar og Stöðvar 2 voru í árdaga framin af undirrituðum, oft á miklum handahlaupum. Stefin virtust hins vegar eldast vel og endast árum saman og er jafnvel ennþá hampað á tyllidögum: Bylgjustefin voru ort að frumkvæði Páls Þorsteinssonar, þá-



Jakob Frimann Magnússon
tónlistarmaður & organisti Stuðmanna,
formaður FTT, varaformaður STEF
& framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar

verandi dagskrárstjóra, brádmúsíkalsks manns sem gerði háar gæðakröfur, enda alinn upp af helsta allsherjargoða sígildrar sönglistar á Íslandi, Þorsteini Hannessyni, óperusöngvara og tónlistarstjóra RÚV til margra ára.

Þau mörkuðu upphafið að því ánægjulega samstarfi sem að framan er lýst og enn er við lýði. Nú síðast í aðdraganda 25 ára afmælishalds þar sem Bylgjan og miðborgin eiga sameið á Menningarnótt í veglegri hátíðardagskrá á Ingólfs-torgi.

Bretum verður tíðrætt um blómaskeið kvenna og er þá jafnan vísað til aldurs svipaðs þeim sem Bylgjan fagnar nú. Þeir tala um konur „...in their prime“. Slík blómaskeið í tilfelli útvarpsstöðva mætti að líkindum husa sér verulega útvíkkuð í tíma og rúmi.

Ljóst má þó vera að vel viðeigandi vígorð Bylgjunnar á þessum tímamótum gæti verið: BYLGJAN – ÁVALLT Í BLÓMA :)

Megi Bylgjan og allt hennar góða fólk njóta afmælisins í ystu æsar og útvarpsstöðin ást-sæla halda áfram að blómstra og dafna með þjóðinni.

Um leið og ég færi Bylgjunni og starfsfólki hennar hjartanlegar hamingjuóskir vil ég þakka vel fyrir mig og mína, frá fyrstu tíð. Lifðu heil Bylgjan mín – um aldur og ævi!



Alltaf Reykjavík síðdegis

Bylgjan virka daga 16.00-18.30

„Ef þú hlustar á okkur þá hlustun við á þig.“

Er hægt að hafa betri stefnuskrá en þetta fyrir útvarpsþátt?

Reykjavík síðdegis hefur verið á dagskrá Bylgjunnar frá upphafi og er sennilega einhver lífseigasti þátturinn í íslensku útvarpi.

Það má líka sjá í þessari ritningargrein þáttastjórnenda þeirra Reykjavík síðdegis ákveðna hógværd. Þeirra hlutverk er að þjóna hlustendum, vera til staðar þegar þarf að fjalla um þjóðfélagsmál, stór og lítil.

Þannig hefur þetta verið frá því Hallgrímur Thorsteinsson útvarpsmaður byrjaði með þáttinn á sínum tíma.

„Við höfum alltaf haft að leiðarljósi að hafa góða tengingu við okkar hlustendur,“ segir Kristófer Helgason, sem hefur verið í Reykjavík síðdegis síðasta áratug. „Þeir hafa í gegnum árin beðið okkur að leita svara við hinum ýmsu spurningum sem brenna á þeim. Það gerum við góðfúslega!“

Hvernig undirbúid þið þáttinn á hverjum degi?

„Undirbúningur stendur í raun yfir allan sólarhringinn! Radarinn alltaf opinn. Vita-skuld fá stóru málin í samfélaginu mestu athyglina en það er líka mikilvægt að muna eftir litlu málunum. Þessum litlu sögum úr daglega lífinu, því sem fólk er að gera og þykir ekki fréttmæmt í sjálfu sér. Það eru slíkar sögur sem oft á tíðum standa upp úr og flestir muna eftir þegar farið er yfir þáttinn.“

Þú ert búinn að vera við hljóðnemann, Kristófer, á Bylgjunni nánast frá byrjun. Hvað er það í þessu starfi sem er svona gefandi og dæmalaust skemmtilegt?

„Fjölbreytileikinn í þessu starfi er mjög heillandi. Fyrir forvitna einstaklinga eins og mig þá er þetta draumastarf. Það má í raun segja að þetta sé þjónustustarf og ef hlustandinn er ánægður þá gefur það mikið.“



Undirbúningur stendur í raun yfir allan sólarhringinn! Radarinn alltaf opinn.



MYNDIR/BALDUR KRISTJÁNSSON

„Video didn't kill the radio star“

Þorgeir Ástvaldsson er einn aðal útvarpsmaðurinn. Ekki spurning. Hann hefur eytt trúlega helmingi ævinnar í stúdíói, allt frá því að stjórna Skonrokki í Sjónvarpinu, (fyrsta lagið sem hann kynnti var Oliver's Army með Elvis Costello, það er svo langt síðan!) til þess að stjórna Rás2, þáttum á Stjörnunni og Aðalstöðinni. Svo hefur hann verið á Bylgjunni í ein tuttugu ár. Þorgeir er útvarpsmaður sem kann á töfra miðilsins og miðlar þeim góðfúslega:

„Já, ég hef farið víða um vegakerfi fjölmiðla í 36 ár en alltaf endað í útvarpi. Það getur verið að það sé gömul klisja að útvarp sé „leikhús hugans“ en það er bara sannleikur. Það er stundum einmanalegt með

afbrigðum ef þú ert einn við hljóðnemann – þeim mun skemmtilegra með góðum vinnufélögum sem eru samæfðir.

Það hafa margir dauðadómar hafa verið kveðnir upp um útvarp (*Samanber: Video Killed the Radio Star*) - í tímans rás hafa samt ótvíræðir kostir þessa forms haft vinninginn. Hin líðandi stund, andráin eða „núið“ er höfuðkostur útvarps. Svo einfalt er það nú.“

Óskalag Þorgeir og verðskuldað! Eftir 36 ára starfsferil í útvarpi, loksins, hvað lag viltu?

„Hey Won't You Play Another Somebody Done Somebody Wrong Song“ með B.J. Thomas, takk fyrir.“



„Ég gæti ekki annað en beðið um lag með Bubba.“



MYNDIR/BALDUR KRISTJÁNSSON

Sigurjón á Sprengisandi

„Ég var ásamt Ólafi Stephensen, núverandi ritstjóra Fréttablaðsins, gestur í þættinum Íslandi í bítið alla föstudagsmorgna í drjúgan tíma, þar sem við ræddum fréttir vikunnar. Síðar gerist það að forráðamenn Bylgjunnar ákveða að hafa stjórn mála umræðuþátt alla sunnudagsmorgna og þegar leitað var hugmynda um stjórnanda var mitt nafn efst á listanum. Þannig gerðist það.“ Hvort er nafnið sótt í ljóð Gríms Thomsens eða instrumental-lagið eftir hljómsveitina Pelican? „Hvorutveggja. Ég er gamaldags og hrifinn af örnefnum. Í leit að nafni á þáttinn ók ég út og suður og aftur út og suður. Leitaði í huganum að kröftugu nafni. Eins og gerist, þá laust nafninu

En eitt hef ég alltaf að leiðarljósi. Það er að mínar skoðanir skipta engu þegar ég er að ræða við fólk.

og laginu í huga minn. Ég hlustaði á fleiri útsetningar af laginu og var ágætlega undirbúinn þegar ég kynnti þessa hugmynd. Það var ákveðið að halda okkur við útsetningu Björgvins Gíslasonar. Ég held að sú ákvörðun hafi reynst rétt. Kröftugt nafn og kröftugt lag.“

Þú færð til þín flott litróf af gestum til að kryfja samfélagsmálin og alltaf af nógu að taka. Þessi þáttur gæti eiginlega verið einu sinni á dag frekar en vikulega?

„Mikið rétt. Ég hef oft hugsað til þess að ekki væri úr

vegi að hafa þáttinn með aðeins öðru sniði í miðri viku. Taka þá fyrir eitt stórt mál, til að mynda atvinnuleysi, sjávarútveg, orku, auðlindir, menntamál, heilbrigðismál og þannig get ég talið upp endalaust.“

Þú ert margreyndur blaðamaður og ritstjóri Sigurjón, hvað er það sem útvarpið hefur fram yfir það að taka viðtöl fyrir dagblað eða tímarit?

„Það er tvennt ólíkt, og þó ekki. Í útvarpi er ekki hægt að laga það sem aflaga fer, til að mynda mismæli, eða draga úr fullyrðingum og þess háttar. En

eitt hef ég alltaf að leiðarljósi. Það er að mínar skoðanir skipta engu þegar ég er að ræða við fólk. Frekar leitast ég eftir að fá fram sem mestar upplýsingar, þannig að sem mest gagn verði af. Þar er enginn munur á hvers konar fjölmiðil ég nota.

Og að síðustu, óskalag! Ef þú hringdir í Bylgjuna sem hlustandi, hvaða lag myndir þú biðja um?

„Ég gæti ekki annað en beðið um lag með Bubba. Er mikill aðdáandi hans. Og þar er af nógu að taka. Á þessu augnabliki er ég í rokkstuði og bið um Blinders!“

● BESTU KVEÐJUR FRÁ ICELANDAIR!

„Við hjá Icelandair höfum verið afar ánægð með samstarfið við Bylgjuna í gegnum tíðina. Þetta er sterkur og traustur útvarps- og auglýsingamiðill sem virkar afar vel fyrir öll fyrirtæki, stór og smá. Bylgjan er búin að skapa sér ákveðinn sess í hjörtum landsmanna, það er gaman að hugsa til þess í dag að Íslendingar komnir á fertugsaldur hafa í raun alla ævi getað hlustað á Bylgjuna, eða frá því þeir lærðu að kveikja á útvarpi. Þetta er búinn að vera viðburðaríkur aldarfjórðingur hjá Bylgjunni og við hjá Icelandair óskum stöðinni, starfsfólkinu og hlustendum til hamingju með daginn. Góða ferð inn í framtíðina!“

Guðmundur Óskarsson
Forstöðumaður markaðs- og viðskiptapróunar Icelandair

● STUÐKVEÐJUR FRÁ SENU!

„Ég man vel þegar Bylgjan kom inn á markaðinn, frábært að fá einkarekna útvarpsstöð á íslenskan fjölmiðlamarkað. Það er líka gaman að sjá hvernig Bylgjan hefur vaxið og blómstrað, sem er ekkert sjálf-sagt mál á samkeppnismarkaði. Við hjá Senu vinnum mjög náið og mikið með Bylgjunni. Sena er með breitt vörusvið, tónlist, kvikmyndir, tölvuleiki, viðburði og leikföng. Bylgjan hentar öllum þessum spennandi vörum því hún kann að kynna hlutina á skemmtilegan hátt þannig að það gagnist augýsendum og hlustendum hafi líka gaman af. Bylgjan tvinnar hlutina skemmtilega saman og þjónar sínum viðskiptavinum og hlustendum frábærlega. Sendi ykkur stuðkveðjur frá Senu, Bylgja!“

Ísleifur B. Þórhallsson, markaðsstjóri Senu

FORMLEGHEIT ERU BÖNNUÐ!

Segir Kolla í Bítinu á Bylgjunni.

„Mér finnst mikilvægt að óttast ekki viðmælendur heldur þora að spyrja spurninga sem fólk úti í bæ vill fá svör við. Kurteisi á ekki við hér. Ég er alveg viss um að það eru nokkrir viðmælendur okkar sem hugsa okkur þegjandi þörfina.“

Þú byrjaðir í Morgunútvarpinu 2007. Það er mikill stemning sem felst í því að vinna í morgunútvarpi, að vakna snemma hlýtur því að vera sérstök forréttindi til dæmis?

Var þetta ekki frekar spurning fyrir Ívar Guðmunds? Hann fer á fætur fyrir allar aldir þótt hann hafi ekkert að gera.

Þótt ég sé ekki týpan sem getur sofið til hádegis þá er ég heldur enginn morgunhani. Ég er þó yfirleitt fljót að hressast eftir að ég er komin á fætur. En jú, því fylgja vissulega kostir að fara svona snemma í vinnuna. Ég er til dæmis alltaf heima þegar börnin mín koma heim úr skólanum.“

„Formlegheit eru bönnuð í morgunútvarpi Bylgjunnar. Við erum við sjálf og hikum ekki við að fíflast aðeins á milli þess sem við tökum alvarleg viðtöl. Pólitíkin skipar þó nokkurn sess í þættinum enda hafa ákvarðanir sem eru teknar, eða jafnvel ekki teknar, á þingi og í stjórnarráðinu heilmikil áhrif á samfélagið.“

Sambandið við hlustendur, það verður að vera gott ekki satt?

„Algjörlega. Við erum óskaplega þakklát fyrir þá miklu hlustun sem við fáum og mér þykir fátt skemmtilegra en að heyra í þeim sem við vinnum fyrir. Við værum jú ekkert án þeirra. Við fáum heldur ekki bara símtöl frá hlustendum í þættinum sjálfum heldur einnig eftir þátt og aragrúa



Við erum óskaplega þakklát fyrir þá miklu hlustun sem við fáum og mér þykir fátt skemmtilegra en að heyra í þeim sem við vinnum fyrir.

Kolbrún Björnsdóttir: „Þráinn Steinsson tæknimaður? Hvað get ég sagt? Ég elska hann.“

MYND/BALDUR KRISTJÁNSSON

af tölvupóstum. Ég vil nota tækifærið og þakka fyrir öll bréfin. Við lesum þau öll en náum því miður ekki alltaf að svara þeim öllum. Svo endilega haldið áfram að vera í sambandi kæru hlustendur!“

Það sem einkennir þáttinn ykkar fyrst og fremst er stemningin, aldrei dauður punktur. Svo eruð þið Heimir Karls með ótrúlega fastagesti, einsog Þráinn tæknimann og Gissur fréttamann?

„Þráinn, Þráinn, Þráinn. Hvað

get ég sagt? Ég elska hann. Ég held að það séu fáir menn á Íslandi jafn misskildir. Hann fer oftast en ekki í hlutverk fúla gaursins, karlreimunnar sem helst ætti heima í helli. En þetta er einn húslegasti maður sem ég hef á ævinni kynnst. Og sá ljúfasti. Gissur er líka ósköp ljúfur. Hann kemst líka svo afskaplega skemmtilega að orði. Segir nákvæmlega það sem honum finnst. Köllum það hreinskilni sem kannski alltof lítið er af á Íslandi.“

Og óskalag Kolla, þú hlýtur að vera með falda þrá í hjartanu og hvað lag er það sem þú myndir biðja um, ef þú hringdir inn á Bylgjuna?

„Þetta er alltof erfið spurning. Óskalögin yrðu ótalmörg. Ég hef reynt að nýta mér aðstöðu mína og beðið Þráin um eitt og eitt lag. En ég hef lært það af reynslunni að ef ég óska eftir einhverju lagi þá verður það pottþétt ekki spilað.“



Formlegheit eru bönnuð í morgunútvarpi Bylgjunnar. Við erum við sjálf og hikum ekki við að fíflast aðeins á milli þess sem við tökum alvarleg viðtöl.



Hugleiðingar á tímamótum frá Hemma Gunn

Mér er það bæði ljúft og skylt að óska Bylgjunni til hamingju með 25 ára afmælið.

Bylgjan hefur verið á vissan hátt samofin lífshlaupi mínu og hefur veitt mér ómældar gleðistundir.

Það eru hvorki fleiri né færri en 44 ár síðan ég hóf störf í ljósvakageiranum, þvert á allar áætlanir mínar um framtíðarstarf. Ég datt nánast inn í þetta og hef orðið þar innlyksa í öll þessi ár, eitthvað sem aðrir ákváðu fyrir mig, en vil færa þeim bestu þakkir fyrir það, því mér hefur aldrei leiðst í þessari vinnu.

Ég hef fengið ótal tækifæri til dagskrárgerðar í útvarpi og sjónvarpi um allt milli himins og jarðar og fyrir það er ég verulega þakklátur.

Fyrsta starf mitt í útvarpi var hjá Ríkisútvarpinu,

„gömlu Gufunni“, og stýrði ég þar eina tónlistarþættinum sem þá var á dagskrá fyrir ungt fólk, Lögum unga fólksins.

Ég var svo lánsamur að vera boðið að vera einn af upphafsmönnum Bylgjunnar og hóf störf röskum mánuði eftir fyrstu útsendingu.

Strax í upphafi var mikill metnaður, fagleg vinnubrögð og góður starfsandi í öndvegi og svo er enn. Þess vegna er Bylgjan í lykhlutverki íslenskra útvarpsstöðva og verður það vafalaust um mörg ókomín ár.

Já, ég hef verið mikill lukkunnar pamfíll að hafa alltaf unnið með frábæru og skemmtilegu fólki og líklega hvergi liðið betur en í Bylgjuhópnum og þá er mikið sagt. Takk fyrir mig og mínar innilegustu hamingjuóskir.

Hemmi Gunn.



„Já, ég er lukkunnar pamfíll.“

UM ÞAÐ BIL 2.592.000 LÖG Á BYLGJUNNI

Ef það eru spiluð að meðaltali **12 lög á klukkutíma**, sem auðvitað fer eftir einstaka þáttum, má reikna út að það séu spiluð **288 lög á sólarhring**.

Og ef það er margfaldað með 30 dögum í mánuði að meðaltali eru þetta **8.640 lög á mánuði**, **103.680 lög á ári**.

Það er spennandi að velta fyrir sér hvað útvarpsstöðin Bylgjan hefur spilað mörg lög á 25 ára tímabili.

Mörg lög hafa auðvitað verið spiluð oftast en einu sinni og oftast en tvisvar. Þau vinsælustu sennilega mörg þúsund sinnum! Þessi tala gefur fyrst og fremst mynd af ákveðnu ferðalagi Bylgjunnar í 25 ár. Við höldum áfram að spila tónlist alla daga á meðan einhver er að hlusta.

Á 25 ára tímabili, og í fyrstu var ekki opið á Bylgjunni á nóttunni, eru þetta **2.592.000 lög**.

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25

ÁR